

Laxey hf (áður Icelandic Land Farmed Salmon ehf)
Garðavegi 14
900 Vestmannaeyjar

25. nóvember 2025
UOS2501519/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 4. september 2025 – ID 509

Þann 4. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Laxey hf, Viðlagafjöru. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Myndir sem taka á af útrás stöðvarinnar skulu sýna nærumhverfi útrásarinnar en ekki vera loftmyndir af stöðinni.

Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum árlega til eftirlitsaðila.
Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2024 bárust ekki á tilskildum tíma.
Fullnægjandi umhverfisupplýsingar fyrir árið 2024 bárust eftirlitsaðila þann 11. september 2025 og er frávikinu því lokað.
2. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
Ársyfirlit fyrir árið 2024 barst ekki á tilskildum tíma.
Fullnægjandi ársyfirlit fyrir árið 2024 barst eftirlitsaðila þann 11. september 2025 og er frávikinu því lokað.
3. Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslid áður en því er veitt í viðtaka. Frárennslinu er veitt óhreinsuðu í viðtaka.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. desember 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
sérfræðingur, teymi eftirlits

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits